

Skipulagsstofnun  
b.t Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

19. desember 2025  
UOS2511154/A.Ö.H

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Umhverfismatsskýrsla – Sorporkuver á Strönd, Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda umhverfismatsskýrslu.

### **Framkvæmdarlýsing**

Áformað er að reisa sorporkuver með tveimur brennsluofnum við urðunarstaðinn á Strönd í Rangárþingi ytra, þar sem Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er með aðstöðu. Til stendur að nýta þá innviði sem þegar eru til staðar á svæðinu.

Verkefninu verður skipt í tvo áfanga, þar sem einn ofn verður settur upp í hvorum áfanga. Þegar báðir ofnar verða í rekstri verður uppsett afl 2 MW þar sem miðað er við að 6.000 tonn/ári af blönduðum úrgangi og aukaafurðir dýra verða brenndar. Áætluð orkuframleiðsla verður allt að 16.000 MWh af heitu vatni á ári.

Veitur hafa lýst yfir áhuga á að kaupa orkuna og nýta hana við að hækka hitastig jarðhitavatns til húshitunar.

### **Vatnamál**

Umhverfis- og orkustofnun benti á í umsögn sinni við matsáætlun sömu framkvæmdar að engar upplýsingar voru um áhrif af starfsemi brennsluofnanna á nærliggjandi vatnshlot. Framkvæmdaraðili tók fram í viðbrögðum sínum við umsögn Umhverfis- og orkustofnunar við matsáætlun, að „Í umhverfismatsskýrslu verður bætt við sérstökum kafla um vatnsnotkun stöðvarinnar og möguleg áhrif á vatnshlot“.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> [Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum við matsáætlun](#)

Í kafla 4.7.2 kemur fram: „*Ekki er gert ráð fyrir losun úrgangsefna í fráveitu frá sörporkuverinu. Stöðin notar ekki vatn og þarfnast því ekki tengingar við fráveitu.*”

Umhverfis- og orkustofnunar bendir á að umfjöllunin um áhrif á vatn mætti vera ítarlegri og í samræmi við vatnaáætlun og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, t.d. sé óljóst hvort að eitthvað vatn verði notað við þrif á búnaði s.s. færiböndum eða inntakskvörn.

Öll vatnshlot eru með umhverfismarkið og eru þau lagalega bindandi.

Ástand vatnshlota má því ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega vegna framkvæmda eða starfsemi. Stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar<sup>2</sup> um hvernig skuli framkvæma áhrifamat fyrir vatnshlot.

## Niðurlag

Umhverfis- og orkustofnun tekur undir þá niðurstöðu að framkvæmdin eins og henni er lýst í umhverfismatsskýrslunni muni líklegast hafa óveruleg áhrif á þá umhverfispætti sem taldir eru upp í kafla 8.1. Hinsvegar bendir stofnunin á að gera þarf betur grein fyrir mögulegum áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi á vatnshlot í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

**sérfræðingur**

Arnar Össur Harðarson

**sérfræðingur**

---

<sup>2</sup> [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)